



Minjastofnun
Íslands

Lok vettvangsrannsóknar

Eyðublaði þessu skal skila inn útfylltu til Minjastofnunar Íslands strax að lokinni vettvangsrannsókn, þ.e. leyfisháðri fornleifarannsókn. Útfyllt eyðublað skal senda rafrænt á rannsoknir@minjastofnun.is. Litið er á þessi gögn sem opinbert plagg sem er öllum aðgengilegt.

1. Grunnupplýsingar

A. Leyfisnúmer	
B. Leyfishafi	
C. Fyrirtæki/stofnun	
D. Heiti rannsóknarverkefnis	
E. Vettvangsrannsókn hófst	
F. Vettvangsrannsókn lauk	
G. Dagsetning eyðublaðs	
H. Rannsóknarnr. Þjóðminjas.	

2. Starfsmenn

	Fjöldi	Manndagar
A. Fornleifafræðingar		
B. Aðrir sérfræðingar		
C. Nemar		
D. Aðrir		
E. Alls		

3. Rannsókn

A. Tegund rannsóknar		
B. Aðferð		
C. Staðsetning (miðhnit ISN93)	A:	N:
D. Rúmmál uppgrافتar	m ³	

Athugið að einnig skal skila landupplýsingagögnum í fylgiskjali sem sýnir umfang rannsóknarsvæðisins og/eða staðsetningu borkjarna.

4. Forvarsla

A. Yfirumsjón með forvörslu (nafn)	
B. Stofnun/fyrirtæki	

5. Gögn

Upplýsingar um það magn gagna sem orðið hefur til vegna rannsóknarinnar á vettvangi, sérstaklega í uppgröftum. Skilningur er á því að þetta er ekki endanleg tala en skráning fundar- og sýnanúmera og skráning ljósmynda/teikninga ætti að gefa nokkuð góða mynd af magninu. Einungis er hægt að skrá tölur í þessa reiti og óskað er eftir heildarfjölda í hverjum flokki fyrir sig, þ.e.a.s. heildarfjölda magnfunda, heildarfjölda stakra funda o.s.frv.

	Fjöldi/Magn/Eining
A. Magnfundur	
B. Stakur fundur	
C. Líkamsleifar	
D. Sýni	
E. Teikningar	
F. Ljósmyndir	

6. Grisjunarstefna

7. Markmið og niðurstaða vettvangsrannsóknar (stuttur íslenskur texti)

8. Markmið og niðurstaða vettvangsrannsóknar (stuttur enskur texti)

9. Rannsóknaráætlun

A. Stóðst upphafleg rannsóknaráætlun?	
B. Ef nei, hverju þurfti að breyta?	

10. Skráning. Hvernig var staðið að skráningu gagna?

--

11. Frágangur svæðis, stutt lýsing

--

12. Áframhald

Er rannsóknin framhald frá fyrra ári?	
Ætlar rannsóknaraðili að sækja um leyfi til rannsóknar á sama stað að ári liðnu?	

13. Fylgiskjöl

A. Ljósmynd

Með skal fylgja góð yfirlitsmynd af rannsóknarsvæði í jpg/tif í minnst 200-300 punkta upplausn. Eftirfarandi upplýsingar skulu fylgja með:

Ljósmyndari	
Dagsetning	
Myndatexti	

B. Landupplýsingar

Einnig skulu fylgja í fylgiskjali landupplýsingagögn (.shp, .dxf, .dwg, .gpkg) sem sýna umfang uppgraftarsvæðis við lok vettvangsrannsóknar og/eða staðsetningu borkjarna.

14. Athugasemdir rannsóknaraðila

--

Skýringar með eyðublaði

1. Grunnupplýsingar

- A. **Leyfisnúmer:** Minjastofnun Íslands gefur leyfisnúmer á rannsókn þegar leyfi til rannsóknarinnar er veitt.
- B. **Leyfishafi:** Sá sem sótti um og fékk leyfi til rannsóknar hjá Minjastofnun Íslands.
- C. **Fyrirtæki/stofnun:** Sem leyfishafi starfar hjá/fyrir.
- D. **Heiti rannsóknarverkefnis:** Heiti verkefnis sem gefið var upp í umsókn til leyfis.
- E. **Vettvangsrannsókn hófst:** Dagsetning upphafs rannsóknar á vettvangi (d.m.áááá).
- F. **Vettvangsrannsókn lauk:** Dagsetning loka rannsókna á vettvangi (d.m.áááá).
- G. **Dagsetning eyðublaðs** (d.m.áááá).
- H. **Rannsóknarnúmer Þjóðminjasafns:** Númer sem safnið úthlutar til skráningar í Sarp, kemur fram í leyfisbréfi Minjastofnunar.

2. Starfsmenn

- A. Fjöldi fornleifafræðinga og manndagar sem þeir unnu við rannsóknina á vettvangi.
- B. Fjöldi annarra sérfræðinga og manndagar sem þeir unnu við rannsóknina á vettvangi.
- C. Fjöldi nema og manndagar sem þeir unnu við rannsóknina á vettvangi.
- D. Fjöldi annarra og manndagar sem þeir unnu við rannsóknina á vettvangi.
- E. Fjöldi starfsmanna og manndagar alls.

3. Rannsókn

A. Tegund rannsókna

Björgunar-rannsókn	Kerfisbundin fornleifafræðileg rannsókn á fornleifum sem eru í hættu vegna ágangs náttúrunnar eða hafa komið óvænt upp vegna jarðrasks. Yfirleitt unnin í kapp við tímann og með takmarkað ráðstöfunarfé.	Rescue research	Archaeological activities carried out when archaeological remains, the existence of which was previously unknown or had not been foreseen, are found during the development of works or are under a threat of natural hazard. Usually done under strict time constraints and limited budget.
Framkvæmda-rannsókn	Kerfisbundin fornleifafræðileg rannsókn á fornleifum sem ákveðið hefur verið að rannsaka vegna framkvæmda. Yfirleitt unnin innan strangs tímaramma og kostnaðaráætlunar.	Contract excavation	Controlled investigation, recording and removal of archaeological deposits under threat of destruction from major public/private projects. Usually done under strict time constraints.
Vísinda-rannsókn	Kerfisbundin fornleifafræðileg rannsókn á völdum stöðum. Við vísindalegar rannsóknir er viðfangsefnið valið í	Scientific research	Controlled investigation, recording and removal of archaeological deposits in targeted areas in order to answer specific questions

	samræmi við fyrirfram skilgreinda vísindalega áætlun eða spurninga.		relating to a particular archaeological site or landscape.
eftirlit	Eftirlit með framkvæmdum sem gætu mögulega skaðað fornleifar á tilteknu svæði. Minjar sem koma í ljós eru skráðar og fundurinn tilkynntur til Minjastofnunar Íslands sem metur hvað skuli gera í framhaldinu.	Watching brief	A formal programme of observation and investigation conducted during any operation carried out for non-archaeological reasons that may damage archaeological deposits. If archaeological remains are found during the operation they are recorded and made known to Minjastofnun Íslands/Cultural Heritage Agency of Iceland which evaluates the situation.

B. Aðferð

Könnunar-skurðir	Skurðir, handgrafnir eða vélgrafnir, grafnir með fornleifafræðilegum aðferðum, í þeim tilgangi að meta tilvist, eðli, varðveislu, aldur og umfang fornleifa.	Trial trench	Archaeologically excavated trench, either hand or machine dug, as part of a sampling programme to evaluate the presence/absence, nature, preservation, age and extent of any buried archaeological features.
Borun	Könnun gerð með því að bora í jörðina með grönnum bor í þeim tilgangi að fá t.d. upplýsingar um tilvist mannvistar, lög og samhengi jarðlag og/eða söfnun borkjarnasýna.	Coring	Type of survey involving the drilling of deep and narrow shafts in the ground used to describe deposits, understand stratigraphy and collect core samples.
Uppgröftur	Kerfisbundin raskandi vettvangsrannsókn á tilteknu svæði á landi eða neðansjávar þar sem jarðlög og manngerð form eru könnuð, skráð og túlkun með aðferðum fornleifafræðinnar auk söfnun gripa og sýna.	Excavation	Controlled intrusive fieldwork which examines, records and interprets archaeological features and structures and, as appropriate, retrieves artefacts and ecofacts within a specified area or site on land, inter-tidal zone or underwater.

Lausafundur	Óskipulögð könnun eða óvænt uppgötvun fornleifa, gripa, líkamsleifa, t.d. af hendi almennings eða vegna framkvæmda sem unnar eru án framkvæmdaeftirlits.	Casual observation	The unplanned observation of archaeological features or the recovery of artefacts of interest, for example either by random finds by members of the public or the unplanned observation of archaeological features during the course of unmonitored developments.
Fjarkannanir	Könnun þar sem leit að fornleifum á yfirborði er gerð í nokkurri fjarlægð, til dæmis þegar ljósmyndun eða önnur skráningartæki eru notuð um borð á flugtæki eða skipi/köfunarbát.	Remote sensing	Survey using photographic or other recording equipment mounted on or used from either an aircraft or other airborne vehicle or a maritime vessel/submersible craft.
Jarðeðlis-fræðileg rannsókn	Kortlagning fornleifa á yfirborði (lands eða sjávarbotns) með ýmsum jarðeðlisfræðilegum mælingum. Algengast er að nota viðnámsmælingar, segulmælingar, jarðsjármælingar, hliðarsónar og mælingar á rafsegulbylgjuleiðni.	Geophysical survey	Ground-based or marine subsurface mapping of archaeological features using different sensing technologies. most commonly applied are magneometers, electrical resistance meters, ground penetrating radar, side scan sonar, and electromagnetic conductivity,

C. Staðsetning

Ef rannsókn nær yfir marga rannsóknarstaði þarf að senda excel-skjal með öllum staðarheitum og hnitum í ISN93 landshnitakerfinu.

D. Rúmmál uppgrafter

Hér á að skrá rúmmál uppgrafterins (lengd*breidd*dýpt=m³) eins nákvæmlega og hægt er.

4. Forvarsla

A. **Yfirumsjón með forvörslu.** Nafn þess sem hefur yfirumsjón með forvörslu í rannsókninni.

B. **Stofnun/Fyrirtæki.** Heiti stofnunar/fyrirtækis sem umsjónaraðili forvörslu vinnur hjá ef það á við.

5. Gögn

Upplýsingar um það magn gagna sem orðið hefur til vegna rannsóknarinnar á vettvangi, sérstaklega í uppgröftum. Skilningur er á því að þetta er ekki endanleg tala en skráning fundar- og sýnanúmera og skráning ljósmynda/teikninga ætti að gefa nokkuð góða mynd af magninu.

Jarðfundir hlutir eða fundir flokkast í fjóra þætti:

Magnfundur	Fundir sem finnast of saman í töluverðu magni og kalla ekki á sérstaka meðhöndlun eða stýringu á aðstæðum í geymslu.	Bulk finds	Finds that occur in quantity, and do not require special treatment or closely controlled storage conditions
Stakur fundur	Einnig þekkt sem skráður fundur. Þessir hlutir þarfnast yfirleitt stýringar á aðstæðum í	Small/single finds	(Sensitive finds or registered finds). These usually require controlled storage conditions,

	geymslu og/eða nákvæmari skráningar. Dæmi um slíka fundi eru gripir úr gleri, leðri, málmum, textíl ásamt unnum við og beinum.		and/or more detailed recording procedures, in situ or after collection; examples include ancient glass, leather, metalwork, textile, worked bone, worked flint and wood.
Líkams-leifar	Meðhöndlun líkamsleifa kallar oft á tíðum á sérstaka meðhöndlun og ekki síst nærgætni rannsækenda.	Human remains	These require specific treatment in accordance with national standards and legislation.
Sýni	Hér er oft um að ræða afurðir af greiningu á rannsóknarstofu, umhverfissýni o.s.frv.	Samples	These are often the product of laboratory analysis, eg environmental remains, thin-sections, microfossil slides.

(Byggt á Brown, Duncan H. : Archaeological Archives. A guide to best practice in creation, compilation, transfer and curation. AAF, London, 2007).

Að auki þurfa að koma fram upplýsingar um fjölda ljósmynda (í dag er það í flestum tilvikum stafrænar myndir) og fjölda teikninga. Þeir sem eingöngu gera uppdrætti með alstöð setja ekki fram upplýsingar um fjölda.

6. Grisjunarstefna

Hvaða áætlun eða stefnu hefur rannsakandi um grisjun á jarðfundnum hlutum? Ætlar rannsakandi að safna og skila öllu sem kemur upp í uppgreftrinum eða er hann með einhverja fyrirfram skilgreinda stefnu um hverju hann vill farga og hverju hann vill halda.

7. Markmið og niðurstaða vettvangsrannsóknar (stuttur íslenskur texti)

Hvert var markmið rannsóknarinnar og tilgangur. Hverjar voru helstu uppgötvanir vettvangsrannsóknarinnar. Stuttur hnitmiðaður texti á íslensku sem nota má til kynningar á rannsókninni á heimasíðu Minjastofnunar.

8. Markmið og niðurstaða vettvangsrannsóknar (stuttur enskur texti)

Hvert var markmið rannsóknarinnar og tilgangur. Hverjar voru helstu uppgötvanir vettvangsrannsóknarinnar. Stuttur hnitmiðaður texti á ensku sem nota má til kynningar á rannsókninni á heimasíðu Minjastofnunar.

9. Rannsóknaráætlun

- Stóðst upphafleg rannsóknaráætlun?** Já eða nei.
- Ef nei, hverju þurfti að breyta?** Stuttur texti. Ef breytingarnar eru umtalsverðar þarf að hafa samband við Minjastofnun Íslands á meðan á rannsókninni stendur.

10. Skráning

Hvernig var haldið utan um skráningu? Hvaða skráningarkerfi var notað, hvers konar gagnagrunnur og með hvaða hætti verður skráningargögnum skilað inn?

11. Frágangur svæðis, stutt lýsing

Stutt lýsing á því hvernig gengið var frá skráningarsvæði.

12. Áframhald

Er rannsóknin framhald frá fyrra ári? Já eða nei.

Ætlar rannsóknaraðili að sækja um leyfi til rannsókna á sama stað að ári liðnu? (Já; Nei; Óákveðið).

13. Fylgiskjöl

A. Ljósmynd: Með skal fylgja góð yfirlitsmynd af rannsóknarsvæði í jpg/tif í minnst 200-300 punkta upplausn. Upplýsingar um ljósmyndara og dagsetningu myndatökunnar þarf að senda með ásamt stuttum myndatexta.

B. Landupplýsingar: Einnig skulu fylgja í fylgiskjali landupplýsingagögn (.shp, .dxf, .dwg, .gpkg) sem sýna umfang uppgraftarsvæðis við lok vettvangsrannsóknar og/eða staðsetningu borkjarna.

14. Athugasemdir rannsóknaraðila

Atriði sem rannsóknaraðili vill koma á framfæri við Minjastofnun Íslands á þessum tímapunkti